

## AUGLÝSING

### um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í októbermánuði 1990.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í septembermánuði 1990 verið ákveðið sem hér segir:

1. Afurðir deildar fyrir unnar botnfiskafurðir: Innborgun 2,5%.
2. Afurðir deildar fyrir óunnar botnfiskafurðir: Innborgun 2,5%.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 21. september 1990.*

F. h. r.  
**Gylfi Gautur Pétursson.**

*Kristín Magnússon.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin

1. stöðvunarskylda á Sævarhöfða og Rafstöðvarvegi gagnvart Bíldshöfða,
  2. biðskylda á þvergötum Gullteigs við Gullteig og á þvergötum Laugalæks við Laugalæk.
- Ákvörðun þessi tekur gildi 15. október 1990.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. september 1990.*

**Böðvar Bragason.**

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að banna vinstri beygju af Eiríksgötu norður Snorrabraut.

Ákvörðun þessi tekur gildi 15. október 1990.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. september 1990.*

**Böðvar Bragason.**